

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir sundstaði í Reykjavík.

Einstakir miðar, fullorðnir	kr.	550
Einstakir miðar, börn	—	220
10 miðar, fullorðnir	—	3 300
10 miðar, börn	—	1 100
10 miðar, aldraðir	—	1 650
Gufubað	—	900
Leiga á handklæðum og skýlum	—	450
Sundnámskeið, fullorðnir	—	10 400
Sundnámskeið, börn	—	7 600
10 miða kort, 16 ára og eldri (sundfélög)	—	1 100
10 miða kort, yngri en 16 ára (sundfélög)	—	600

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 32 7. maí 1928 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá nr. 528 27. desember 1979.

Félagsmálaráðuneytið, 7. ágúst 1980.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Jón Sigurpálsson.

REGLUGERÐ

um eftirlitsgjald vegna lyfjaeftirlits fyrir árið 1980.

1. gr.

Gjald það, sem lyfsölum, lyfjagerðum, lyfjaheildsölum og héraðslæknum ber að greiða fyrir árið 1980, vegna lyfjaeftirlits skv. 52. og 53. gr. lyfjalaga nr. 49 16. maí 1978 skal vera sem hér segir:

I. flokkur	kr.	203 000
II. flokkur	—	173 000
III. flokkur	—	143 000
IV. flokkur	—	102 000
V. flokkur	—	76 000

2. gr.

Lyfjabúðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins, sem hér segir:

- I. flokkur: Ingólfs Apótek
Lyfjabúðin Iðunn
Reykjavíkur Apótek
- II. flokkur: Apótek Austurbæjar
Hafnarfjarðar Apótek
Keflavíkur Apótek
Laugavegs Apótek
Stjörnu Apótek

- III. flokkur: Háaleitis Apótek
Holts Apótek
Kópavogs Apótek
Vesturbæjar Apótek
- IV. flokkur: Akraness Apótek
Akureyrar Apótek
Apótek Vestmannaeyja
Árbæjar Apótek
Borgar Apótek
Garðs Apótek
Húsavíkur Apótek
Ísafjarðar Apótek
Laugarness Apótek
Lyfjabúð Breiðholts
Selfoss Apótek
Stykkishólms Apótek
- V. flokkur: Apótek Austurlands, Seyðisfirði
Apótek Blönduóss
Borgarness Apótek
Dalvíkur Apótek
Egilsstaða Apótek
Hafnar Apótek
Mosfells Apótek
Nes Apótek, Neskaupstað
Norðurbæjar Apótek, Hafnarfirði
Patreks Apótek
Rangár Apótek
Sauðárkróks Apótek
Siglufjarðar Apótek
Ölfus Apótek

3. gr.

Lyfjagerðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjalds, sem hér segir:

- I. flokkur: Lyfjaverslun ríkisins
Parmaco hf.
- II. flokkur: Stefán Thorarensen hf.

4. gr.

Lyfjaheildsölum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjalds, sem hér segir:

- I. flokkur: G. Ólafsson hf.
Lyfjaverslun ríkisins
Parmaco hf.
Stefán Thorarensen hf.
- II. flokkur: Ásgeir Sigurðsson hf.
Hermes hf.
- III. flokkur: Farmasía hf.
H. Ólafsson & Bernhöft
Lyf sf.

5. gr.

Héraðslæknar, sem annast lyfjasölu skv. 42. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 skulu greiða eftirlitsgjald skv. V. flokki.

6. gr.

Heimilt er að leggja eftirlitsgjald á sjúkrahús. Skulu þá deildaskipt sjúkrahús greiða eftirlitsgjald samkvæmt II. flokki, en önnur skv. V. flokki.

7. gr.

Eftirlitsgjaldið skal greiða til ríkisfóhriðis fyrir 15. október 1980. Gjaldið er lögtakskræft.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 52. og 53. grein laga nr. 49/1978 og tekur gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. ágúst 1980.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um friðland í Svarfaðardal.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð ákveðið fyrir sitt leyti að friðlýsa Svarfaðardalsá í Eyjafirði neðanverða, ásamt hökkum og óshólmum, og er svæðið friðland.

Mörk friðlandsins eru þessi:

Vesturmörk: Fremri takmörk friðlandsins eru landamerki Tjarnar annars vegar og Jarðbrúar og Grundar hins vegar. Niður að vestan allt til sjávar eru mörkin sem hér segir: Meðfram Húsabakka og Tjarnarbörðum að Lækjarklauf neðan Tjarnartúns. Þaðan norður og í gegnum allar Ingvaramýrar er stór affallsskurður marklína allt að merkjum Helgafells. Gegnum Helgafellsland fylgir línin gömlum reiðgötum, sem liggja skammt vestan við ána í beygjunni. Frá merkjum Syðra-Holts fylgja mörkin línunni, sem hugsast dregin skáhallt í suðurenda neðsta N-S skurðar neðan Ytri-Holts túns. Þaðan fylgir hún skurðinum allt að merkjum Hrafnstaða. Hér verður vinkilbeygja á línunni til vesturs og fylgir hún nú börðum í gegnum Hrafnstaða- og Hrafnstaðakotsland allt upp að þjóðveginum milli nefndra bæja. Á stuttum kafla norður af Gultjörn er vegurinn markalínan. Frá Gultjörn fylgja mörkin hugsaðri skálinu, sem dregin er í punkt 10 m vestan við Árgerðisbrú. Norður með Árgerðistúni er markalínan í 10 m fjarlægð frá ánni, en síðan taka við börðin í gegnum gamla Böggvisstaðaland neðan við Ásgarð, en síðan vélgrafinn skurður neðan við þjóðvegin allt að beygju, sem á honum er neðan við Vegamót. Úr beygjuni eru mörkin eftir hugsaðri línunni skáhallt norð-austur eftir Flæðunum í punkt 10 m neðan við Áburðargeymslu. Þaðan til sjávar yfir sandinn í stefnu á Hrólfsker.

Austurmörk: Skógarreiturinn á Hánefsstöðum markar fremsta hluta friðlandsins að austanverðu, allt að merkjum Sökkum (Ölduhryggjar). Þaðan í gegnum allt Sökkuland er þjóðvegurinn markalínan, en Skáldalækjarmelar þegar þeir taka við skammt norðan við landamerkin. Þegar melunum sleppir norðan Skáldalækjar er þjóðvegurinn aftur markalínan í gegnum land Hamars á örstuttum kafla, en síðan Hrisaland allt að vegamótum Skíðadals- og Ólafsfjarðarvegjar. Hér verður vinkilbeygja á línunni til vesturs. Norðan vegarins fylgir hún girðingu, sem skilur tún og biðhaga á Hrisum austan Hrisatjarnar þar til sú lína mætir melnum í Hrisahöfða austan við Norð-austurhorn tjarnarinnar. Frá þessum punkti eru mörk friðlandsins hugsuð skálinni dregin í miðjan árósi Svarfaðardalsár við sjóinn.